



Skilafrestur fyrir auglýsingar
í TUNNUNA
er til kl. 12.00 á þriðjudögum.

39. tbl. 33. árg. 17. - 23. nóv. 2021



FRÁ HEILBRIGÐISSTOFNUN
NORÐURLANDS Í FJALLABYGGÐ

Varðandi bólusetningar við Covid

Vegna landsátaks að gefa örvunarskammt
við Covid-19, verður bólusett eftirfarandi
fimmtudaga í Fjallabyggð/Siglufirði,
18. nóv., 25. nóv, 2. des. og 16. des.

Send verða SMS skilaboð í síma þeirra sem
komnir eru á tíma með bólusetninguna.

Aðrir sem ekki hafa byrjað sína
bólusetningu eru einnig velkomin.

Vinsamlegast pantið tíma í síma 460 2100.

Heilsugæslan Fjallabyggð

Fjallabyggð



Tillaga að deiliskipulagi – Gránugata 5 og 13.

**Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti
10. nóvember 2021** að auglýsa tillögu

að deiliskipulagi Gránugötu 5 og 13 skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið afmarkast af lóðamörkum Gránugötu 5, landnr. 142401, og Gránugötu 13, landnr. 142405.

Markmið þessarar deiliskipulagstillögu er að skilgreina afmörkun lóða og lóðastærða Gránugötu 5 og 13, skilgreina afmörkun byggingarreita og núverandi mannvirkja og setja fram byggingarskilmála og gera grein fyrir hugmyndum um ásjýnd núverandi og fyrirhugaðra mannvirkja.

Tillagan liggur frammi í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24 á Siglufirði frá 18. nóvember 2021 til 30. desember 2021 og á heimasíðu Fjallabyggðar, **www.fjallabyggd.is**

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast tæknifulltrúa í síðasta lagi 30. desember 2021 annaðhvort á Gránugötu 24, Siglufirði eða á netfangið: **hafey.bjorg@fjallabyggd.is**

Hafey Pétursdóttir Tæknifulltrúi

PIXMA TS 6350

Öflugur og vel búinn fjölnota prentari og skanni með 5 blekhylkjum. Þráðlaust netsamband.

kr. 21.900,-

TUNNAN
S:467-1288



Canon
PIXMA TS6350





Kvöldvaka

í Þjóðlagasetrinu á Siglufirði

Fimmtudaginn 18. nóvember kl. 20:00-21:00



Trío Zimsen

ásamt foreldrum, Rósu Jóhannesdóttur og Helga Zimsen.

Kveðnar verða vísur eftir m.a. Helga Zimsen og Látra-Björgu.

Einnig sungin hjartfólgin og skemmtileg lög og spilað á hljóðfæri.



Trío Zimsen
er skipað systkinunum:

Iðunni Helgu, 15 ára

Grétu Petrínu, 13 ára


Jóhannesi Jökli 9 ára

Fjallabyggð



Ungir jafnt sem aldnir
velkomnir !

Siglufjarðarkirkja



Vegna Covid-ástandsins í landinu, og ekki síst aukinna smita á meðal barna, hefur verið ákveðið að fresta kirkjuskólanum um þrjár vikur, en bæta í staðinn við sunnudögum í desember, eftir því sem hægt er. Engin guðspjónusta verður heldur fyrsta sunnudag í aðventu, 28. nóvember, og óvíst er um aðventuhátíðina, sem vera átti 5. desember.

Sigurður Ægisson

VIÐBURÐADAGATAL Á AÐVENTU í Fjallabyggð 2021

Eins og fyrri ár er undirbúningur að aðventu og jóladagskrá í Fjallabyggð að hefjast og byrjum við á viðburðadagatalinu.

Undanfarin ár hefur viðburðadagatal verið gefið út á vegum bæjarins þar sem tíunduð er dagskrá flestra þjónustuaðila, kirkjunnar, félaga, safna, skóla, tónleikar, jólamarkaðir, miðbæjarstemning og fleira sem fylgir því að njóta töfra adventunnar.

Upplýsingar um viðburði er hægt að senda á markaðs- og menningarfulltrúa á netfangið: lindalea@fjallabyggd.is eða rafrænt á heimasíðu Fjallabyggðar.

Í síðasta lagi **23. nóvember 2021**.

Viðburðadagatalinu verður dreift í Fjallabyggð og rafrænt á vef.

